

**Stjórn Vinnís leggur til eftirfarandi lagabreytingar  
á aðalfundi félagsins þann 29.apríl 2010**

**II. kafli hljóðar svona:**

Félagsmenn

*5. gr.*

Allir sem áhuga hafa á vinnuvistfræði geta orðið félagar. Inntaka nýrra félagsmanna tekur gildi þegar félagsgjöld hafa verið greidd. Félagsgjald er greitt fyrirfram fyrir eitt ár í senn og er óendurkræft.

Fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök geta sótt um aðild og tilnefnt einn fulltrúa á aðalfund. Við atkvæðagreiðslu hefur fyrirtæki/stofnun/félagasamtök aðeins eitt atkvæði. Fyrirtæki eru styrktaraðilar og hafa aðgang að öllum fundum og fræðslu á vegum félagsins.

Með greiðslu félagsgjalda njóta félagar allra þeirra réttinda sem Vinnís hefur upp á að bjóða. Meðal þeirra réttinda er þátttaka í stjórn, nefndarstarfi og atkvæðisréttur.

Stjórn félagsins getur vikið félagsmanni úr félaginu ef henni þykja efni standa til en hann getur borið mál sitt undir almennan félagsfund.

**Með breytingum mun II.kafli hljóða svona:**

Félagsmenn og styrktaraðilar

*5. gr.*

Allir sem áhuga hafa á vinnuvistfræði geta orðið félagar. Inntaka nýrra félagsmanna tekur gildi þegar félagsgjöld hafa verið greidd. Félagsgjald er greitt fyrirfram fyrir eitt ár í senn og er óendurkræft.

Með greiðslu félagsgjalda njóta **einstaklingar** allra þeirra réttinda sem Vinnís hefur upp á að bjóða. Meðal þeirra réttinda er þátttaka í stjórn, nefndarstarfi og atkvæðisréttur.

Fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök geta sótt um **styrktaraðild**. **Fyrirtækjum gefst kostur á að setja vörumerki sitt á heimasíðu félagsins og sækja fundi og fræðslu á vegum félagsins. Fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundi félagsins.**

Stjórn félagsins getur vikið félagsmanni/**styrktaraðila** úr félaginu ef henni þykja efni standa til en hann getur borið mál sitt undir almennan félagsfund.

Fyrir hönd stjórnar Vinnís,

---

Valdís Brá Þorsteinsdóttir  
Formaður Vinnís